

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 4/2004 um fresti til að skila framtölum og um form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2004 á tekjur ársins 2003 og eignir í lok þess árs.

Frestir til að skila framtölum 2004.

1. gr.

Framtölum manna skal skila til skattstjóra eigi síðar en 22. mars 2004.

Þeim sem skila framtölum með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra *rsk.is* er þó heimilt að sækja um aukinn skilafrest á heimasíðu RSK. Lengdum fresti lýkur dagana 29. mars til 2. apríl, samkvæmt tölfræðilegri dreifingu.

2. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 28. maí 2004.

3. gr.

Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem veikindum eða dvöl erlendis, geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta, skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

Form og skilamáti framtala.

4. gr.

Menn skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2003 og eignum í lok þess árs með einum af eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2004 (RSK 1.01) á heimasíðu ríkisskattstjóra *rsk.is*.
- b) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali 2004 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.

Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala, sbr. 5. gr.

5. gr.

Menn, sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 2003, skulu með skattframtali sínu 2004 gera grein fyrir tekjum sínum og eignum tengdum rekstri á neðangreindum eyðublaðum er *fylgja skulu skattframtali 2004*:

- a) Séu tekjur (velta) undir kr. 500.000 og eignir í rekstri engar eða óverulegar skal skila eyðublaðinu RSK 4.10.
- b) Sé velta á bilinu kr. 500.000 til kr. 20.000.000 skal skila eyðublaðinu RSK 4.11 ásamt viðeigandi fylgiskjölum, enda sé ekki um að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, s.s. sundurliðun helstu tekna- og kostnaðarliða, skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.

- c) Sé velta yfir kr. 20.000.000 eða um sé að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð, skal skila eyðublaðinu RSK 1.04 ásamt ársreikningi og viðeigandi fylgiskjölum.

6. gr.

Vegna búrekstrar skulu neðangreind eyðublað fylgja skattframtali manns eða lögaðila:

- a) Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 7. gr., skal fylgja útfyllt 4. síða landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 (bústofnshluti).

7. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2003 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2004 (RSK 1.04) á heimasíðu ríkisskattstjóra *rsk.is*.
b) Með dulrituðum tölvupósti, úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
c) Á tölvudisklingi, úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra, ásamt útfylltri og undirritaðri forsíðu eyðublaðsins RSK 1.04 á pappír.
d) Á skattframtali rekstraraðila 2004 (RSK 1.04), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.
Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.

8. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. janúar 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.